















Leikskólinn Huldurheimar  
Kjalarsíða 3  
Sími: 595-8033  
GSM: 615-5032  
<http://huldurheimar.karellen.is/>

# Dvergadeild

## Námskrá apríl 2024

Gleðilegt sumar



Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
Páskadagur 	1.  <b>Annar í páskum</b> <b>Skólinn lokaður</b>	2. <b>Litríkur dagur</b> <b>Alþjóðlegur dagur</b> einhverfu 	3. Hópavinna <b>Elvar Berg 6 ára</b> 	4. Hópavinna	5. <b>Söngsalur</b> 	6.
7.	8.	9. Hópavinna	10. Hópavinna	11. <b>Kynning á SMT</b> <b>skólafærni fyrir</b> <b>foreldra kl 8:15-9:15 í</b> <b>salnum</b> 	12. <b>Söngsalur</b> 	13.
14.	15. Íþróttir í Síðuskóla 	16. Hópavinna	17. Hópavinna	18. Hópavinna	19. <b>Söngsalur</b> 	20.
21.	22. <b>Opið milli deilda</b> 	23. Hópavinna	24. Hópavinna	25. <b>Sumardagurinn fyrsti</b> <b>Skólinn lokaður</b> 	26. <b>Lokað</b> <b>Námskeiðsdagur</b>	27.
28.	29. Íþróttir í Síðuskóla 	30.				

Sá sem sýnir öðrum virðingu nýtur sjálfur virðingar.

## Dvergadeild

Virðing felst í að vita:  
Að ég er dýrmæt/ur,  
Að aðrir eru dýrmætir,  
Að umhverfi okkar dýrmætt!



### Lífsleikni í leikskóla

#### 3. boðorð

#### Berðu ekki byrðarnar ein/einn

Allir sem umgangast börnin okkar eru fyrirmyndir þeirra að einhverju leyti. Foreldrar eru sterkasta fyrirmynd barna sinna en aðrir hafa einnig áhrif á siðferðismat og afstöðu barnanna.



Lífsleikni

### SMT - skólafærni

Nú er formlegri innleiðsla á reglum lokið. Í apríl rifjum við upp reglur skólans. Í maí mun svo verða uppskeruhátíð SMT hér í skólanum þar sem við bregðum á leik og fögnum vinnunni sem við höfum unnið í vetur. Elstu börn skólans munu vinna lausnaleitarverkefni í aprílmánuði þar sem þau koma með tillögur af því sem þeim finnst að betur gæti farið og leita lausna. Einnig munu þau æfa sig í einbeitingarleik sem jafnframt er hluti af SMT - skólafærni vinnunni okkar.

### Uppákomudagar

2. Alþjóðlegur dagur einhverfra - Litríkur dagur  
Þá hvetjum við alla til að vera enn litríkari en vanalega til að fagna fjölbreytileikanum.

22. Opið milli deilda—Börnin fara milli deilda og leika sér þar sem þau langar.

### Málörvun

#### Nokkrar ábendingar til foreldra vegna óskýrs framburðar hjá börnum

1. Talaðu alltaf hægt og skýrt við barnið.
  2. Hlustaðu á það sem barnið er að segja og endurtaktu rétt þannig að það heyri alltaf strax réttan framburð.
  3. Ekki leiðrétta framburð barnsins í annarra návist eða stoppa það í miðri setningu til að leiðrétta það.
  4. Líttu í spegil með barninu. Leikið saman með andlitslátbragð og talið um augun, nefið, munninn, tunguna. Prófið saman einfalda munn- og tunguleiki eins og að gera stút á munninn, smella í góm o.fl. í þeim dúr.
  5. Leiktu með barninu ýmis hljóð úr umhverfinu. Hermið eftir dýrahljóðum, farartækjum, heimilistækjum o.fl.
  6. Hrósaðu barninu, láttu það heyra að það sé duglegt
- Ef áhyggjur vakna um að barnið heyri ekki vel er mikilvægt að skoða það betur!*

### Fréttir frá deildinni

Þessa dagana er veðrið ansi breytilegt og því þarf að huga vel að búnaði barnanna svo þau njóti sín í útiveru tvisvar á dag. Nú er til að mynda talsverður snjór á útsvæðinu en fljótlega tekur bleytan við aftur og því þarf tryggja að börnin séu með aðbúnað sem hentar veðri hverju sinni. Gott er að taka stöðuna að morgni dags og meta þannig hvaða fatnað barnið þarf að hafa með í skólann. Einnig minnum við á að allan blautan og skitugan fatnað á að taka með heim í lok dags í þurrkun eða þvott.

### Mikilvægt!

#### 11. apríl SMT kynning í salnum

Kynning á agastefnu skólans, SMT skólafærni, klukkan 8:15-9:15 í salnum. Við hvetjum alla sem ekki hafa mætt áður til þess að mæta ásamt því að það er kjörið fyrir þá sem vilja kynna sér stefnuna betur að mæta og fræðast nánar. Gott er að grípa tækifærið og mæta og spyrja spurninga sem kunna að brenna á fólki.



Deildarstjórar allra deilda sjá um fræðsluna.  
Vonumst til að sjá sem flesta

### Veikindi og frí barna

Kæru foreldrar, við viljum minna ykkur á að láta alltaf vita af veikindum eða fjarverum barna. Hægt er að skrá inn á Karellen eða senda okkur skilaboð þar. Einnig er hægt að hringja beint inn á deildir. Við minnum á að skrá þarf á hverjum degi þegar börn eru veik.